

48
29. apríl

ERINDISBRÉF

fyrir aukaprestana í Dómkirkjusöfnuðinum.

Með bréfi dags. 13. þ. m. hefir dóms- og kirkjumálaráðherra falið mér að útbúa erindisbréf það, er hér fer á eftir og gert er í samráði við hina föstu presta og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins.

1. gr.

Aukaprestar þeir, sem kallaðir hafa verið til að inna af hendi kirkjulegt starf í dómkirkjusöfnuðinum, samkvæmt heimild í fjárlögum fyrir 1938, 22. XXVI, eru fyrst og fremst kallaðir til að vera hinum skipuðu sóknarprestum (dómkirkjupresti og öðrum presti til aðstoðar í starfi þeirra innan safnaðarins.

Ber dómkirkjupresti að kynna þá fyrir söfnuðinum með innsetningu og fyrirbæn, svo sem venja er til.

2. gr.

Hvorum aukapresti um sig er jafnframt ætlað ákveðið umdæmi, sem sérstakur verkahringur hans í úthverfum sóknarinnar, annað austanvert við bæinn, hitt sunnan og vestanvert við hann.

a. Hið sérstaka umdæmi austanbæjar aukaprests er öll byggðin frá Rauðarárstíg inn að Elliðaám, svo og sá hluti sóknarinnar, sem liggur innan Öskjuhlíðar og sunnan Elliðaáanna.

b. Hið sérstaka umdæmi vestanbæjar aukaprests er öll byggðin í suðvesturhluta sóknarinnar frá Sólvallagötu sunnanmegin götu (og áframhaldi hennar vestur að sjó), suður að Skerjafirði, ásamt Seltjarnarnesi öllu.

3. gr.

Innan þessara umdæma er aukaprestunum skylt að halda uppi guðsþjónustum að forfallalausum alla sunnu- og helgidaga ársins, að inna af hendi þau aukaverk, sem um er beðið, og vinna í samráði við hina föstu presta og sóknarnefnd að hverri kirkjulegri og kristilegri starfsemi, sem telst til hlutverks sérhvers kristins kennimanns og sálusorgara og miðar að eflingu guðs ríkis innan umdæmis þeirra hvors um sig.

4. gr.

Starfi aukaprestanna hvors í sínu umdæmi skal þannig hagað, að meðfram sé unnið að því að þar myndist sjálfstæðar sóknir með sérstökum sóknarkirkjum, þar sem reglulegar guðsþjónustur fari fram og kirkjulegar helgi-athafnir verði um hönd hafðar.

5. gr.

Heimilt er öllum meðlimum dómkirkjusafnaðarins að kalla aukaprestana til kirkjulegra aukaverka og aukaprestunum heimilt að vinna öll slík prestsverk innan safnaðarins fyrir hvern þann, er þess óskar.

6. gr.

Aukaprestunum er einnig skylt að leysa af hendi öll þau embættisverk, sem sóknarprestar dómkirkjusafnaðarins kynnu að fela þeim og eins í forföllum þeirra eða fjarveru um stundarsakir að halda uppi starfi þeirra.

7. gr.

Meðan kirkjum hefir ekki verið fjölgað í Reykjavíkurdómkirkjuprestakalli, eru aukaprestunum heimil afnot dómkirkjunnar til hvers konar guðsþjónustuhalds og til

framkvæmdar prestsverka, sem óskað er, að fari fram í kirkju eða eiga að fara þar fram, en þó ávallt eftir fullu samkomulagi við hina föstu presta dómkirkjunnar og eftir að kirkjuhaldara hefir verið gert aðvart um það með nægilegum fyrirvara. 48 29. apríl

8. gr.

Til sérhverrar frjálsrar kirkjulegrar starfsemi, hvar og hvenær sem er innan dómkirkjusafnaðarins, hafa aukaprestarnir með öllu óbundnar hendur.

9 gr.

Aukaprestarnir taka árlega manntal í þeim hluta umdæma sinna, sem liggja utan kaupstaðarins og bæjar-manntalið því leiðir hjá sér.

10. gr.

Aukaprestar bera alla ábyrgð á öllum prestsverkum, sem þeir framkvæma, svo og á öllu starfi sínu, er þeir vinna á eigið eindæmi, hvort heldur er innan hins sérstaka verkahrings þeirra eða annarsstaðar innan safnaðarins.

11. gr.

Um öll þau mál, varðandi starf aukaprestanna, sem vafa kunna að vera undirorpin, ber þeim að ráðfæra sig við dómkirkjuprest áður en til framkvæmda kemur.

12. gr.

Aukaprestarnir eiga sæti á héraðsfundi prófastsdæmisins með fullum atkvæðisrétti eins og aðrir prestar héraðsins.

13. gr.

Aukaprestunum er og heimilt að sitja fundi sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins, eins og hinum föstu prestum við dómkirkjuna, unz sérstakar sóknarnefndir hafa verið skipaðar fyrir umdæmi þeirra. En ekki hafa þeir atkvæðisrétt á þeim fundum.

14. gr.

Aukaprestunum er gert að skyldu, hvorum um sig, að halda bók yfir þau prestsverk, sem þeir vinna hvar sem er innan safnaðarins og að innfæra þau síðan, í lok hvers mánaðar, í aðalprestsþjónustubók prestakallsins hjá dómkirkjuprestinum, sem einum ber að gefa vottorð, sem um er beðið eða útskriftir úr embættisbókum prestakallsins.

15. gr.

Í lok hvers árs er aukaprestunum skylt að senda dómkirkjupresti skýrslu um guðsþjónustuflutning þeirra á umliðnu ári og um starfsemi þeirra allsýfir.

Biskupinn yfir Íslandi.

Reykjavík, 29. apríl 1938.

Jón Helgason.